


BEURER blóðþrýstingsmælir BM 55

Lýsing:

1. Púði m/frönskum rennilás.
2. Snúra frá púða
3. Tengill fyrir púða
4. Tengill fyrir straumbreyti
5. Skjár
6. Minnistakkar M1 og M2
7. Rofi kveikt slökkt
8. Tákn fyrir hvíldarstöðu
9. Kvarði fyrir mælingar
10. Tengill fyrir púða



Tafla yfir gildi mælinga (mmHg) fyrir fullorðna:

Blóðþrýstingur	Efri mörk	Neðri mörk	Viðbrögð
lágur blóðþrýstingur	lægri en 120	lægri en 80	Fylgjast með sjálf
venjulegur blóðþrýstingur	milli 120 og 129	milli 80 og 84	fylgjast með sjálf
á mörkunum	milli 130 og 139	milli 85 og 89	samráð við lækni
mildur hár blóðþrýstingur	hærri en 140-159	milli 90 og 99	samráð við lækni
frekar hár blóðþrýstingur	hærri en 160 -179	milli 100 og 109	samband við lækni
mjög hár blóðþrýstingur	hærri en 180	hærri en 110	samband við lækni

Áríðandi upplýsingar:

Lesið þessar upplýsingar vandlega

Nauðsynlegt er að mæla blóðþrýsting ávallt undir sömu kringumstæðum ef hægt er, mæla tvisvar á dag og u.þ.b. á sama tíma hverju sinni (að morgni og kvöldi eru bestu tímarnir).

Hvílist í 5 mínútur áður en mælt er.

Mæling er ekki sama og meðferð. Ræðið uppgefin gildi við lækni og alls ekki má breyta magni af lyfjum sem læknir hefur gefið fyrir mæli um án ráðfæringa við hann.

Röng mæling er gefin til kynna á skjánum. Athugið hvort púðinn hefur verið pumpaður rétt upp (sjá: púðanum komið fyrir), hvort tengillinn er rétt tengdur við tækið, hvort púðinn sé rétt staðsettur og hvort handleggurinn var kyrr á meðan mælt var.

Í þeim tilfellum þar sem viðkomandi er með lágan blóðþrýsting, hjartsláttartruflanir eða óreglulegan puls geta komið fram rangar mælingar. Í þeim tilfellum er ráðlegt að hafa

samband við lækni. Ef um mjög miklar truflanir í hjartslætti er að ræða (t.d. gáttatíf) er mælt með því að blóðþrýstingur sé mældur á hefðbundinn hátt (með hlustunarpípu). Tækið inniheldur viðkvæman elektrónískan útbúnað og því má það ekki detta. Verndið það fyrir hnjaski og raka.

Tækið er eingöngu ætlað fullorðnum sem hafa 22-30 cm. umfang á upphandlegg.

Notkun á svæðum þar sem rafsegulbylgjur eru til staðar (örbylgjuofnar, farsímar og önnur tæki með útgeislun) geta leitt til rangra mælinga.

Ef ekki á að nota tækið í lengri tíma er ráðlegt að aftengja rafhlöðurnar

Rafhlöðurnar settar í


Fjarlægið lokið yfir rafhlöðuhólfinu aftan á tækinu.

Setjið 4 rafhlöður af Alkaline AAA 1,5V í tækið. Athugið

Að rafhlöðurnar snúi rétt og pólarnir snúi eins og sýnt er.

Athugið að ekki má nota hlaðanlegar rafhlöður í tækið.

Að þessu loknu er lokið sett aftur á og nú getið þið stillt dagsetningu og tíma.



Stilling á dagsetningu og tíma

Þið stillið fyrst tímaformið, síðan dagsetninguna og svo klukkuna. Ef þið ýtið á minnistakkana **M1** og **M2** er fljótlegra að stilla gildin. Haldið START/STOPP

takkanum ϕ inni í 5 sekúndur

Með minnistökkunum **M1** og **M2** veljið þvort þið viljið nota 12 eða 24 tíma

formið og staðfestið síðan með START/STOPP takkanum ϕ .

Nú blikkar ártalið á skjánum, og nú stillið þið rétt ártal með minnistökkunum **M1**

og **M2** og staðfestið síðan með START/STOPP takkanum ϕ .

Þá blikkar mánaðartalan og nú stillið þið réttan mánuð með minnistökkunum

M1 og **M2** og staðfestið hann með START/STOPP takkanum ϕ .

Þá blikkar talan fyrir daginn og nú stillið þið rétta tölu fyrir daginn með minnis-




tökkunum **M1** og **M2** og staðfestið með START/STOPP takkanum ϕ .

Þá blikkar talan fyrir klukkutímann og nú stillið þið á réttan klukkutíma með

minnistökkunum **M1** og **M2** og staðfestið með START/STOPP takkanum ϕ .

Þá blikkar talan fyrir mínúturnar og nú stillið þið á rétta mínútutölu með minnis-

tökkunum **M1** og **M2** og staðfestið með START/STOPP takkanum ϕ



Skipt um rafhlöður

Þegar tákníð fyrir rafhlöðurnar byrjar að blikka eru rafhlöðurnar óðum að tæmast. Að vísu er enn hægt að mæla en ráðlagt er að skipta sem fyrst um rafhlöður. Þegar rafhlöðutákníð er stöðugt á skjánum er ekki hægt að mæla fyrr en skipt hefur verið um rafhlöðurnar. Þegar rafhlöðurnar hafa verið fjarlægðar úr tækinu, og nýjar settar í verður að stilla klukkuna á ný. Mæld gildi sem eru í minnunum geymast samt áfram. Athugið að ónýtum rafhlöðum á ekki að henda með heimilissorpi. Þeim á annaðhvort að koma á endurvinnslustöðvar eða til umboðsaðilans sem kemur þeim í endurvinnslu.

Notkun með straumbreyti

Tækið má einnig nota með straumbreyti og þá eiga engar rafhlöður að vera í hólfinu. Spennubreytir fæst undir númerinu 071.60. Blóðþrýstingsmælinn má aðeins nota með þessum straumbreyti og eingöngu má stinga straumbreytinum í samband við þá spennu sem upp er gefin á honum. Um leið og straumbreytirinn er tekinn úr sambandi, hverfa dagsetning og klukka, en öll mæligildi verða áfram í minnunum.

Púðanum komið fyrir

Púðinn hentar fyrir upphandleggi sem eru frá 22 til 32cm. að umfangi og eingöngu má nota púðann sem fylgir tækinu

Komið púðanum fyrir á upphandlegg og gætið þess að ekkert hindri blóðstreymi fram í handlegginn. (teygjubönd, þröngar ermar o.s.frv.)





Staðsetjið púðann 2 - 3 cm. fyrir ofan olnbogann.

Vefjið síðan lausa endanum þéttingsfast en þó ekki of fast utan um púðann og franska rennilásinn. Púðinn á að vera þannig að hægt sé að smeygja tveimur fingrum undir hann.

Tengið síðan slönguna við tengilinn á tækinu og gætið þess að eingöngu má nota original-púðann sem fylgir þessu tæki.

Framkvæmið mælinguna ávallt sitjandi og staðsetjið framhandlegginn þannig að brúnn á púðanum sé í sömu hæð og hjartað og látið lófann snúa upp. Til að koma í veg fyrir ranga mælingu er nauðsynlegt að halda handleggnum kyrrum og tala ekki á meðan á mælingu stendur. Látið hendina t.d. hvíla á borðplötu.

Hægt er að mæla hvort sem er í sitjandi eða liggjandi stöðu. Athugið hinsvegar að hafa púðann í hjartahæð. Til að mælingin verði sem réttust er nauðsynlegt að vera rólegur og tala ekki á meðan á mælingu stendur.




Mæling

Kveikið á mælinum með því að ýta á “start/stop” takkann ϕ . Öll tákn verða sýnd í örskamma stund á skjánum og eftir ca. 3 sekúndur fer mælirinn í gang. Mælirinn dælir lofti út í púðann, en þið getið stöðvað mælirinn hvenær sem er með því að ýta á START/STOPP takkann ϕ .



Þegar loftið í púðanum minnkar og púlsinn er mældur, og mælirinn verður var við of háan blóðþrýsting dælir mælirinn lofti í púðann á ný. Um leið og mælirinn verður var við púls kemur hjartatákn “♥” á skjáinn.

Púlsinn ásamt efri og lægri mörkum blóðþrýstings koma á skjáinn. Það kviknar einnig á tákni neðst á skjánum sem sýnir hvort viðeigandi hafi verið nægjanlega rólegur á meðan á mælingunni stóð eða ekki. (grænt tákn = nægjanlega rólegur; rautt tákn = ekki nægjanlega rólegur).



Er.. kemur á skjáinn ef mælingin var ekki nægjanlega góð. Sjá nánar í kaflanum um villumeldingar hér aftar.

Nú veljið þið með því að ýta annaðhvort á minni **M1** eða **M2**. Ef þið veljið ekki minni, þá verða upplýsingarnar settar í það minni sem síðast var notað. Viðeigandi minni “M1” eða “M2” er sýnt. Slökkvið nú á mælinum með start/stop takkanum. Um leið verður síðasta mæling send í viðkomandi minni. Ef þið gleymið að slökkva á tækinu þá slekkur það sjálft á sér eftir ca. 3 mínútur. Í slíku tilfelli fara upplýsingar einnig sjálfkrafa í viðeigandi minni.

Ef þið ætlið að mæla blóðþrýstinginn á ný þurfa að líða í það minnsta 5 mínútur á milli mælinga.

Náð í tölur úr minnunum

Þið getið kallað fram tölur úr báðum minnunum og skoðað tölurnar úr þeim.

Ýtið á minni **M1** eða **M2**. Ef fleiri en 60 mælingar eru í minnunum þá hverfa þær elstu. Síðasta mæling kemur á skjáinn í því minni sem ýtt er á. Fyrst kemur fram meðaltal allra mælinga í því minni sem sýnt er og er um leið táknað með blikkandi bókstafnum “A”.

Með því að ýta aftur á takkann koma einstakar mælingar fram – fyrst sú síðasta en síðan koma gildin og eru merkt frá 1 og upp í 30. Eftir ca. 4 sek. er dagsetningin sýnd og eftir aðrar 4 sek. er klukkan sem sú mæling var tekin einnig sýnd.

Þegar 30 mælingar eru komnar í viðkomandi minni er elsta gildinu eytt til að rýma til fyrir ný gildi. Ef ekki er slökkt á mælinum með start/stop takkanum þá slökknar sjálfkrafa á honum eftir ca. 30 sek.

Athugið: Einnig má nota sitt hvort minnið fyrir mælingu að morgni og kvöldi.

Gildum í minnum eytt

Til að eyða öllum gildum sem eru í minninu er valið það minni sem eyða á úr. Haldið þá viðkomandi takka M1 eða M2 niðri í u.þ.b. 5 sekúndur þar til skjáinn verður auður.

Hreinsun

Hreinsið tækið aðeins með mjúkum og aðeins rökum klút. Notið aldrei fljótandi eða föst hreinsiefni.

Alls ekki má setja tækið undir vatnsbunu, því þá gæti vatn komist inn í tækið og eyðilagt það.

Við geymslu má ekki setja neina þunga hluti ofan á tækið. Við langa geymslu ráðleggjum við ykkur að taka rafhlöðurnar úr því. Athugið að brjóta púðann ekki þétt saman.

Ábyrgð og þjónusta

Vinsamlegast athugið að öll viðgerða og ábyrgðapjónusta er hjá umboðsaðilanum sem er:

PFAFF hf.
Grensásvegi 13
108 Reykjavík
sími 414-0451

www.pfaff.is